

Sp.

52. Fyrirspurnir.

[50. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um styttingu vinnutímans.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað er áætlað, að stór hluti launþega hafi fengið raunverulega (effektiva) vinnutímastyttingu með setningu laganna 1971 um styttingu vinnutímans?
2. Hver er áætluð kaupmáttaraukning hjá þeim launþegum, sem notið hafa vinnutímastyttingarinnar að fullu á því tímabili, sem liðið er frá setningu umræddra laga, og um hvaða launþegahópa er hér helst að ræða?

II. Til dómsmálaráðherra um Landhelgissjóð og innheimtumenn hans.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvað á Landhelgissjóður mikið óinnheimt:
 - a. af sektarfé íslenskra skipa,
 - b. af sektarfé erlendra skipa?
2. Hvaða embætti sýslumanna og fógeta eiga þessar skuldir óinnheimtar, og hver er upphæðin hjá viðkomandi embættum hverju fyrir sig?

III. Til heilbrigðismálaráðherra um byggingu læknisbústaðar á Hólmavík.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvað hefur tafið byggingu læknisbústaðar á Hólmavík?
2. Hvenær má gera ráð fyrir því, að bygging hefjist og henni ljúki?
3. Hver verður hlutur ríkissjóðs í kostnaði við byggingu þessa læknisbústaðar?

IV. Til samgönguráðherra um hafnaáætlun.

Frá Steingrími Hermannssyni.

1. Hvenær má gera ráð fyrir því, að áætlun um framkvæmdir við hafnir landsins verði lögð fyrir Alþingi?
2. Hvað tefur gerð umræddrar áætlunar?

V. Til sjávarútvegsráðherra um rekstrargrundvöll skuttogara.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hve miklu nam tap togaraútgerðarinnar 1972?
2. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til þess að tryggja rekstur hinna nýju skuttogara?

VI. Til fjármálaráðherra um verkfallsrétt opinberra starfsmanna.

Frá Halldóri Blöndal.

1. Hvað líður heildarendurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna?
2. Hefur fjármálaráðherra í hyggju að leggja fram frumvarp um fullan samningsrétt og verkfallsrétt opinberra starfsmanna á þessu þingi?

VII. Til sjávarútvegsráðherra um athugun á rekstri skuttogara.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hvaða athuganir hafa átt sér stað um afkomu hinna nýju skuttogara á yfirstandandi ári?
2. Má gera ráð fyrir, að meiri hluti þeirra geti staðið í skilum með greiðslur á vöxtum og afborgunum?
3. Er einhver aðili, sem fylgist skipulega með þeim göllum eða bilunum, sem fram koma á fyrsta ári?
4. Hvað má gera ráð fyrir miklu meðalaflamagni og verðmæti á ári hjá 500 brt. skuttogara?